



FRÓÐI

Mars 2014

Fréttabréf Ingunnarskóla

Menningarmót



Dagana 23. janúar til 5. febrúar var undirbúið og haldið menningarmót í Ingunnarskóla undir leiðsögn Kristínar Rannveigar Vilhjálmisdóttur, kennara og verkefnastjóra hjá Borgarbókasafninu.

Á síðasta skólaári hélt starfsfólk Ingunnarskóla menningarmót sín á milli og núna var verkefnið sett af stað með öllum nemendum skólans.

Á menningarmótum fá nemendur, foreldrar og starfsfólk tækifæri til að hittast og kynna menningu sína og áhugamál í hvetjandi umhverfi og á lifandi hátt. Hver þátttakandi er með sitt „svæði“ og kynnir sín áhugamál og sína menningu, sem þarf ekki endilega að vera þjóðarmenning heldur einungis það sem skiptir mestu máli fyrir hvern og einn. Allir eru þátttakendur og áhorfendur um leið. Þetta tókst mjög vel hjá okkur og var almenn ánægja hjá bæði nemendum og foreldrum.



MORGON

MORGON, sem er ræðukeppni milli grunnskóla, var haldin í Ingunnarskóla mánudaginn 10. febrúar. Lið Ingunnarskóla skipað nemendum úr 8.-10. bekkatti kappi við lið Hólabrekkuskóla. Þetta voru þau Aron Már, Bjarki Leó, Ingunn Lilja og Kristján Bjarki. Fundarstjóri kvöldsins var Atli Stefán sem stjórnaði atburðinum listavel.

Umræðuefnið var vísindi og talaði lið Ingunnarskóla með vísindum en Hólabrekkuskóli á móti. Eftir harða keppni bar lið Ingunnarskóla sigur úr bítum og er því komið í undanúrslit keppinnar. Ræðumann kvöldsins átti Ingunnarskóli og var það Aron Már. Hann sigraði ræðumann Hólabrekkuskóla með einu stigi. Tæplega 100 nemendur komu og hvöttu sitt lið áfram og sýndu mjög drengilega framkomu svo dómurum þótti ástæða til að hafa orð á. Þökkum við liði Hólabrekkuskóla fyrir komuna og vonum að þeim gangi vel í þessari keppni í framtíðinni.

Til hamingju Ingunnarskóli og gangi ykkur sem allra best með framhaldið.

Fréttir frá 1. bekk

Nemendur í fyrsta bekk eru þessa dagana að æfa sig í paralestri (pals) og standa sig alveg sérstaklega vel. Þau lesa saman tvö og tvö, skiptast á að vera þjálfarar og lesarar. Þau voru ekki lengi að ná færni í þessu efni.

Undirbúningur fyrir gleðivíkuna er kominn á fullt og er sviðsmyndin að taka á sig form. Æfingar eru hafnar og margir efnilegir leikarar stíga fram á hverjum degi. Tónmenntakennarinn er kominn í lið með okkur og æfir söng í gríð og erg. Þetta verður glæsilegt hjá krílunum okkar.

2.-3. bekkur á faraldsfæti

Nemendur fóru í Hörpuna og nutu góðra tóna Sinfóníuhljómsveitar Íslands og í Gerðuberg þar sem meðal annars var skoðuð myndlistasýningin *Ódrög*, en þar sýnir Bjarni Ólafur Magnússon teikningar unnar með viðarkolum og litkritt. Verkin sýna draumkenndar verur úr ósögðu ævintýri og persónur tengdar æskuminningum listamannsins. Einnig var skoðuð sýning á myndskreytingum í íslenskum barnabókum frá árinu 2013 og nemendur spreyttu sig svo á ratleik á bókasafninu.

Nemendur í 2.-3. bekk hafa verið í þema um *Ísland áður fyrr* og af því tilefni heimsóttu þeir Árbæjarsafnið og fræddust um búskaparhætti Íslendinga á liðnum öldum.

Þeir eru líka búnir að búa til vegglistaverk, sem sýnir bæjarþyrpingu eins og þær voru í gamla daga og í textíl hafa þeir lært um ullina og hvernig hún var notuð og þæft myndverk úr ull.



4.-5. bekkur í Norðurlandapema

Nemendur í 4.-5. bekk hafa síðustu vikur verið að vinna með Norðurlöndin í þemavinnu. Nemendur hafa unnið í hópum og búið til glærusýningu um hvert og eitt land og munu kynna löndin fyrir bekknum í lok þemans.

Farið var í Norræna húsið og fengu nemendur leiðsögn og fræðslu um Norðurlöndin og var mjög gaman að skoða þetta glæsilega hús sem finnski arkitektinn Alvar Alto teiknaði. Við hvetjum alla til að kíkja í Norræna húsið á góðum degi.



Upplstrarkeppni Ingunnarskóla

Þann 26. febrúar var haldin Upplstrarkeppni Ingunnarskóla. Í henni keppa nemendur 7. bekkjar um að vera valdir áfram sem fulltrúar skólans í Stóru upplstrarkeppni. Nemendur stóðu sig allir mjög vel og var mjög erfitt fyrir dómnefnd að velja fulltrúa úr þessum glæsilega hóp.

Þær sem komust áfram voru Eygló Sóley Hróðmarsdóttir og Katrín Sól Gunnarsdóttir. Hlín Björnsdóttir var valin vara-maður. Allar stúlkurnar koma úr 7. GÓ.



Heimsókn í vísindasmiðju HÍ

Nemendur 9. bekkjar Ingunnarskóla kynntu sér Vísindasmiðju Háskóla Íslands fyrir skömmu. Vísindasmiðjan er við Hagatorg. Hópnum var skipt og víxlað milli verkefna eftir 45 mínútna lotu: helmingur hópsins hlýddi á fyrirlestur jarðfræðings, sem fjallaði um landrekskenninguna og jarðfræði Íslands. Hinn helmingurinn gerði meðal annars tilraunir með rafrásir, kynntist speglun, hreyfingum hljóðbylgna – og hamaðist við raforkuframléiðslu á til þess útbúnu reiðhjólí.





Ingunnarskóli
Maríubaugi 1
113 Reykjavík
www.ingunnarskoli.is

Sími: 411 7828
Fax: 411 7838
Netfang:
ingunnarskoli@reykjavik.is

Öskudagsskemmtun í Ingunnarskóla

Haldið var upp á öskudaginn í Ingunnarskóla. Nemendur voru í skólanum til hádegis og var boðið upp á ýmislegt til skemmtunar.

Nemendum var skipt í fjóra hópa og var hver hópur í 30 mínútur á ákveðinni stöð. Á einni stöðinni var boðið upp á Afró-dans, á annarri bingó, á þeirri þriðju voru saumaðir öskudagspokar og að lokum var kötturinn sleginn úr tunnunni í íþróttasalnum. Nemendur í 10. bekk aðstoðuðu yngri nemendur og stóðu sig með mikilli þryði.

Allskyns furðuverur mættu í skólann og var gaman að sjá hversu fjölbreyttir og skemmtilegir búningarnir voru hjá krökkunum.



Verið er að vinna að uppsetningu á nýrri heimasíðu Ingunnarskóla og verður hún vonandi opnuð fljótlega.

